

**Mál nr. 375/2016****M  
og****vátryggingafélagið V v/ eignatryggingar lausafjár.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna brunatjóns á tveimur bifreiðum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.11.2016, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að morgni 17. september 2016 eyðilögðust í bruna tvær bifreiðir þar sem þær stóðu mannlausar á bifreiðastæði við Smiðjuveg 14 í Kópavogi. Bifreiðirnar munu hafa verið til viðgerðar á bifreiðaverkstæði M sem hefur starfsstöð að Smiðjuvegi 40d. M hefur í gildi eignatryggingu lausafjár hjá V og hefur krafist þess að tjón á bifreiðunum bætist úr vátryggingunni. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í 3. gr. vátryggingarskilmála fyrir eignatryggingu lausafjár hjá V segir að vátryggingin taki til skemmda á lausafé í eigu þriðja aðila ef vátryggður ber skaðabótaábyrgð á skemmdunum, enda komi það fram á vátryggingarbeiðni. Í fyrirbyggjandi vátryggingarskírteini, sem í gildi var á því tímabili þegar bruninn varð, er tilgreint sérstaklega að vátryggð séu fyrir nánar tilgreindri fjárhæð ökutæki í eigu þriðja aðila sem ekki eru kaskótryggð. Þá segir í 1. gr. vátryggingarskilmálanna að sé annars ekki getið, taki vátryggingin aðeins til tjóns er verður á þeim stað sem greindur er á vátryggingarskírteininu. Í fyrrgreindu vátryggingarskírteini er hins vegar starfsstöð M að Smiðjuvegi 40d einungis tilgreind sem vátryggingarstaður. Ekkert liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að M hafi á einhverju tímamarki tilgreint annan vátryggingarstað en Smiðjuveg 40d. Þegar horft er til þessarar takmörkunar á því hvar vátryggingin gildir verður ekki séð að hún taki til tjónsins sem varð á bifreiðunum við brunann að Smiðjuvegi 14, jafnvel þótt sú lóð sé handan götunnar og M hafi haft leyfi lóðarhafa þar til að geyma bifreiðir á lóðinni. Tjónið á bifreiðunum fæst því ekki bætt úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

Tjón á tveimur bifreiðum í vörslu M bætist ekki úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.